

Fundargerð 131. fundar Fræðslusjóðs Þriðjudaginn 5. mars 2024 kl. 13:00-14:30.

Haldin í fjarfundi.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Helga Kristín Kolbeins., Hulda Birna Baldursdóttir, Margrét Sigurðardóttir, Páll Ásgeir Guðmundsson.

Boðuð fjarvera: Finnbogi Sveinbjörnsson, Heiðrún Björk Gísladóttir, Karl Rúnar Þórsson.

Gestir: Valgerður Guðjónsdóttir og Haukur Harðarson, sérfræðingar hjá FA.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir og Björn Garðarsson.

DAGSKRÁ

1. Fundargerð 130. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt.

2. Forgangssvið nýsköpunar- og þróunarstyrkja (fskj. 02. Forgangssvið fyrri ára)

Nokkar hugmyndir höfðu borist stjórn fyrir fundinn og var farið yfir þær.

Afgreiðsla:

FA falið að móta fjórar tillögur og orðalag. Láti stutta greinargerð fylgja með útskýringu/túlkun á hverjum punkti. Sendi stjórn til afgreiðslu milli funda.

- Inngildandi námskrár og þjálfun sem lýsa hvernig fyrirkomulag og mat mætir einstaklingsþörfum og fjölbreyttum hópum.
- Nýjar leiðir í samstarfi framhaldsfræðslu, framhaldsskóla og/eða atvinnulífs um starfsnám, smiðjustarf og raunfærnimat (Leiðir til að jafna kynjahalla í framhaldsfræðslu).
- Svæðisbundin sjálfbærnimenntun til að auka skilning á loftslagsmálum og fjölga leiðum sem auðvelda græn (og réttlát) umskipti.
- Útfæra, þróa og aðlaga fyrri nýsköpunarverkefni sjóðsins að nýjum aðstæðum og þekkingu.

3. Tilnefning í úthlutunarnefnd nýsköpunar- og þróunarstyrkja 2024

Afgreiðsla: Eftirtalin hafa verið tilnefnd í úthlutunarnefnd nýsköpunar- og þróunarstyrkja fyrir árið 2024:

Nafn	Tilnefnd-(ur) af
Einar Hreinsson	Skólameistarafélag Íslands
Sigurlaug Gröndal	ASÍ
Maj-Britt Hjördís Briem	SA
Margrét Linda Ásgrímsdóttir	FRN
Fríða Rós Valdimarsdóttir	BSRB

Voru tilnefningarnar samþykktar.

4. Uppbrot námskráa

Kynning frá FA. Valgerður Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá FA fór yfir hvernig staðið er að uppbroti námskráa í námsleiðir. Fræðsluaðilar geta nú sjálfir sett saman námsleið sem byggð er á fyrirliggjandi námsþáttum úr einni eða fleiri vottuðum námskrám FA. Lágmarkslengd er 40 nemendastundir. Með þessu geta fræðsluaðilar aukið við námsframboð sitt og mætt þörfum markhópsins og atvinnulífsins án þess að þurfa að fara í gegnum það ferli að skrifa nýja námskrá frá grunni og leita eftir vottun á henni. Óski námsfólk eftir að ljúka síðar

einhverri þeirra námskráa sem liggja til grundvallar námsleiðunum koma þeir námsþættir sem lokið er til styttingar.

Lístu stjórnarmenn yfir ánægju sinni með þessa viðbót í námsframboð framhaldsfræðslunnar. En einnig var vakin athygli á að engin trygging er fyrir að framhaldsskólinn meti nám frá framhaldsfræðslunni til eininga. Sérstaklega námleið á þrepi 1.

5. **Raunfærnimat í iðngreinum. Ekki hægt að skrá starfsnám í INNU**

Haukur Harðarson, sérfræðingur hjá FA.

Þegar rafrænar ferilbækur urðu til voru hæfniviðmið fyrir vinnustaðanám uppfærð.

Námskrár aftur á móti voru ekki uppfærðar í takt við ferilbækur.

Því óskaði FA eftir því við MMS að fá aðgengi að hæfniviðmiðum úr ferilbókum þannig að hæfniviðmið í raunfærnimati væru í samræmi ferilbók.

Niðurstöður raunfærnimats vinnustaðahluta eru núna skráðar í rafræna ferilbók meðan niðurstöður bóklega hlutans eru skráðar í INNU.

Þessi tvö kerfi tala ekki saman í dag. Það gerir það að verkum að niðurstöður vinnustaðahluta raunfærnimats ekki í INNU.

Fræðslusjóður miðar uppgjör á framkvæmd raunfærnimats hjá fræðsluaðilum við skráningar í INNU.

Iðan-fræðslusetur hefur alfarið séð um raunfærnimat í iðngreinum undan farin ár og fengið til þess framlög úr Fræðslusjóði.

Þar sem raunfærnimat vinnustaðarþáttar sést ekki í INNU vaknar spurningin um hvort það geri það að verkum að greiðslur til Iðunnar-fræðsluseturs lækki sem því nemur?

Afgreiðsla: Samþykkt var að í uppgjöri Iðunnar-fræðsluseturs vegna framkvæmdar raunfærnimats 2023 væri einnig tekið tillit til vinnustaðahlutans, en finna yrði framtíðar lausn á hvernig staðið væri að skráningu og uppgjöri sem fyrst.

6. **Önnur mál**

- a. Formaður mætir á fund með framkvæmdastjórum og forsvarsmönnum fræðslu- og símenntunarmeistarstöðva mánudaginn 11. mars. Stjórnarmenn hvattir til að taka þátt.